Bugðupuntur ( <i>Deschampsia flexuosa</i> )	.	II
Gulmaðra ( <i>Galium verum</i> )	.	II
Sauðamerger ( <i>Loiseleuria procumbens</i> )	.	II
f Engjaskóf ( <i>Peltigera canina</i> )	.	II
m Heiðabruðskur ( <i>Dicranum fuscescens</i> )	.	II
f Cladonia mitis	.	II

---

(2a) Undirsveit með tröllakræðu

hefur eftirtaldar greinitegundir, sem aðgreina hana frá undirsveit með beitieski: tröllakræðu V, blásveifgras (*Poa glauca*) IV og surtarkræðu (*Alectoria nigricans*) II. (Tafla A).

Graslagið þekur 29.4 %, mosalagið 23.1 %, sina 9.9 % og gróðurvana land er 40.7 % að meðaltali. Fléttur eru mun meira áberandi hér en í hinni undirsveitinni.

Jarðvegur er grunnur og grýttur móajarðvegur. Að líkendum hefur upprunalegur yfirborðsjarðvegur blásið burt fyrir löngu. Undirsveitin með tröllakræðu er á blásnum melhólum og ásum í Kotárborgum, Naustaborgum, í Hlíðarfjalli og á Glerárdal í 25-650 m h.y.s.

(2b) Undirsveit með beitieski

hefur eftirtaldar greinitegundir, sem greina hana frá undirsveit með tröllakræðu: Krummalyng IV, beitieski (*Equisetum variegatum*) IV, skógatildra III, ilmreyr (*Anthoxanthum odoratum*) II, tungljurt (*Botrychium lunaria*) II, barnarót (*Ceolostoma viride*) II, bugðupunt (*Deschampsia flexuosa*) II, gulmöðru (*Galium verum*) II, sauðamergr (*Loiseleuria procumbens*) II, engjaskóf (*Peltigera canina*) II, heiðabréusk (*Dicranum fuscescens*) II og fléttutegundina *Cladonia mitis* II. (Tafla A).

Graslagið þekur 81.3 %, mosalagið 32.0 %, sinan 14.1 % og gróðurvana land er 6.5 % að meðaltali. Mosar eru meira áberandi í þessari undirsveit en í undirsveit með tröllakræðu.

Jarðvegur er misþykkur, fremur burr, móajarðvegur (áfoksjarðvegur). Undirsveit með beitieski er mjög algeng í lögsagnarumdæmi Akureyrar og útbreidd í meginhluts mólendisins þar. Undirsveitina með beitieski er að finna upp í um 600 m h.y.s.

(3) Fjalldrappa-bláberjalyngs sveit.

(Gróðurfélg, sem tilheyra þessari gróðursveit eru:  
The comparatively moist mo Table 19 A&B 6-7 Mølholm-Hansen 1930;  
the *Betula nana* mo Table 22 A&B 7-11 Mølholm-Hansen 1930;  
*Empetrum-Betula nana-Vaccinium* Ass. Table VI A&B 3-4 & 6-7 Steindör Steindórsson 1936;  
*Empetrum nigrum-Betula nana* Ass. Table II A&B 1-2; Steindör Steindórsson 1946;  
*Empetrum nigrum-Betula nana-Vaccinium uliginosum* Ass. Table II A&B 3-7 Steindör Steindórsson 1946 &  
*Juncus trifidus-Elyna bellardi* Ass. Table II A&B 8 Steindör Steindórsson 1946.)

Einkennistegundir sveitarinnar eru: Fjalldrapi (*Betula nana*) V, gráviðir (*Salix callicarpaea*) III og hnappstör (*Carex capitata*) II. (Table 1).

Í gróðursvipnum ríkja fjalldrapi, krækilyng (*Empetrum nigrum* ssp. *nigrum*) og bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*). Þekja graslagsins er 57.8 %, mosalagsins 38.5 %, og sina þekur 9.2 % að meðaltali.

Festutegundir gróðursveitarinnar eru fjalldrapi V, krækilyng V, kornsúra (*Polygonum viviparum*) V, brjóstagrass (*Thalictrum alpinum*) V, bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*) V, bugðupuntur (*Deschampsia flexuosa*) IV, túnvingull (*Festuca rubra*) IV og blóðberg (*Thymus praecox* ssp. *arcticus*).

Jarðvegur er rakur móa- eða mýrajarðvegur, þar sem vatn seytlar um. Fjalldrappa-bláberjalyngs sveitin hefur fundist á nokkrum stöðum í lögsagnarumdæmi Akureyrar, einkum í mýrajöðrum í 60-220 m h.y.s.

Þau gróðurfélg, sem tilheyra þessari gróðursveit hafa fundist á Arnarvatnsheiði og við Lækjamót (Mølholm-Hansen 1930), á Melrakkasléttu (Steindör Steindórsson 1936) og á nokkrum stöðum við Ísafjarðardjúp (Steindör Steindórsson 1946).

### 2.3.3 Snjódældir og háfjallaskriður.

Þrjár gróðursveitir hafa verið skilgreindar á snjóþungum svæðum, tvær í snjódældum og ein hátt í skriðurunnum hliðum Súna, en það er jöklasóleyjar-vetrarblóms sveitin. Hálingresis-finnungs sveitin er í snjódældum á láglendi, þar sem snjör liggur nokkuð fram eftir sumri. Fjallasmára-grasviðis sveitin er í snjódældum herra til fjalla, þar sem snjó tekur mun seinna upp.

Hálingresis-finnungs sveitinni hefur til bráðabirgða verið skipað í gróðurfylkið Nardo-Galion saxatilis Prsg. 1949. Þetta gróðurfylki er í gróðurbálknum Nardetalia Prsg. 1949, sem er í gróðurflokknum Nardo-Callunetea Prsg. 1949 (sjá Birse 1980).

Aftur á móti hefur hinum tveim sveitunum, fjallasmára-grasviðis sveitinni og jöklasóleyjar-vetrarblóms sveitinni verið skipað til bráðabirgða í gróðurfylkið Ranunculeto-Oxyrich digynae (Nordh. 1936) em. Dahl 1957, sem er í gróðurbálknum Salicetalia herbaceae Braun-Blanquet 1926, en hann er í gróðurflokknum Salicetae Braun-Blanquet 1947.

#### (4) Hálingresis-finnungs sveit.

(Gróðurfélög, sem tilheyra þessari gróðursveit eru:

*Nardus stricta*-*Anthoxanthum* Ass. Table IV A&B 4-5 Steindór Steindórsson 1946;

*Nardus stricta* snow patches Table II 1-4 McVean 1955 og

*Vaccinium myrtillus*-*Nardus stricta* Soc. Tafla XI A&B 11 Steindór Steindórsson 1965.)

Einkennistegundir gróðursveitarinnar eru finnugur (*Nardus stricta*) V og aðalbláberjalyng (*Vaccinium myrtillus*) II. (Tafla 1).

Í gróðursvípnum ríkja finnugur, aðalbláberjalyng og krummalyng (*Empetrum nigrum* ssp. *hermafroditum*). Bekja graslagsins er 69.5 %, mosalagsins 17.0 % og sina bekur 21.2 % að meðaltali.

Festutegundir gróðursveitarinnar eru finnugur V, kornsúre (*Polygonum viviparum*) V, hálingresi (*Agrostis capillaris*) IV, ilmreyr (*Anthoxanthum odoratum*) IV, bugðupuntur (*Deschampsia flexuosa*) IV og bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*) IV.

Jarðvegur er móajarðvegur. Hálingresis-finnungs sveitina er að finna í snjódældum í Háburrekkum austan í Glerárdalsöxl og í Selhlíðum vestan í henni, einnig í Hlíðarfjalli og á Glerárdal neðanverðum í 95-310 m h.y.s.

Gróðurfélög, sem tilheyra þessari gróðursveit er að finna á Vestfjörðum (Steindór Steindórsson 1946), í Loðmundarfirði og í hlíðum Baulu í Norðurárdal (McVean 1955) og í Helguhvammi á Vatnsnesi (Steindór Steindórsson 1965).

#### (5) Fjallasmára-grasviðis sveit.

(Gróðurfélög, sem tilheyra þessari gróðursveit eru:

The Geiri Vegetation Table 13 A&B 9-10 & Table 25 A&B 2-6 Mølholm-Hansen 1930;

*Alchemilla alpina*-*Sibbaldia* Ass. Tabel X A&B 1-2 Steindór Steindórsson 1936,

*Alchemilla minor*-*Sibbaldia* Ass. Table X A&B 5 & Table XII A,B 1 Steindór Steindórsson 1945,

*Salix glauca*-*Sibbaldia* Ass. Table XII A&B 2 Steindór Steindórsson 1945,

*Salix herbacea* Ass. Table XI A&B 7 og Table XII A&B 3-6 Steindór Steindórsson 1945;

*Salix herbacea-Gnaphalium supinum* Ass. Table IV A&B 6-7 Steindór Steindórrsson 1946;  
*Salix herbacea* snow patches Table II 1-4 McVean 1955;  
*Salix herbacea-Gnaphalium supinum* soc. Tafla XV A&B 1-12 og Tafla XVIII A,B 1-3 Steindór Steindórrsson 1965 og gróður í snjódældum Tafla 10, Tafla 13 & Tafla 31 Kristbjörn Egilsson 1983.)

Einkennistegundir gróðursveitarinnar eru grámulla (*Omalotheca supina*) V, fjallasmári (*Sibbaldia procumbens*) IV, fjalladúnurt (*Epilobium anagallidifolium*) II og hélumosi (*Anthelia julacea*) II. (Tafla 1).

Ríkjandi tegund í gróðursvipnum er grasviðir (*Salix herbacea*) og næst honum koma fjallasmári, kornsúra (*Polygonum viviparum*), ljónslappi (*Alchemilla alpina*), móaklói (*Drepanocladus uncinatus*) og sums staðar hélumosi. Graslagið þekur 75.9 %, mosalagið 27.0 % og gróðurvana land er 13.0 % að meðaltali.

Festutegundir gróðursveitarinnar eru grasviðir V, grámulla V, fjallasmári IV, fjalladepla (*Veronica alpina*) IV og stinnastör (*Carex bigelowii*) IV.

Jarðvegur er rakur móajarðvegur. Fjallasmára-grasviðis sveitin er fundin í snjódældum á stöku stað í Hlíðarfjalli, en aðallega á Glerárdal, einkum hátt yfir sjó eða í 440-750 m h.y.s. og allt upp í 1100 m h.y.s.

Gróðurfélögín, sem tilheyra þessari gróðursveit er að finna á Lyngdalsheiði og á Arnarvatnsheiði (Mølholm-Hansen 1930); á Melrakkasléttu (Steindór Steindórrsson 1936); á Síðumannafrétti, Landmannafrétti og Eyjabökkum (Steindór Steindórrsson 1945); við Ísafjarðardjúp (Steindór Steindórrsson 1946); á Eskifirði, í Loðmundarfirði og í hliðum Baulu, Norðurárdal (McVean 1955); við Brunna, Hákalddadal, Kvígindisfell, á Öxnadal, Bárðdælafrétti, Egilsáfanga, á Hveravöllum, Holtavörðuheiði, einnis við Tjarnir í Eyjafirði, Steinnýjarstaði á Skagaströnd og á Glerárdal (Steindór Steindórrsson 1965) og á Vesturöræfum, Fljótsdalsheiði og Eyjabökkum (Kristbjörn Egilsson 1983).

#### (6) Jöklasóleyjar-vetrarblóms sveit.

(Ekkert er vitað um útbreiðslu þessarar gróðursveitar á Íslandi umfram það, sem hér kemur fram).

Einkennistegundir gróðursveitarinnar eru jöklasóley (*Ranunculus glacialis*) IV, boghéra (*Luzula arcuata*) IV, vetrarblóm (*Saxifraga oppositifolia*) IV, búfusteinbrjótur (*S. caespitosa*) III, héluvorblóm (*Draba nivalis*) II og dvergsteinbrjótur (*S. tenuis*) II. (Tafla 1).

Þær tegundir sem mest ber á eru lambagras (*Silene acaulis*) og vetrarblóm. Graslagið þekur 18.6 %, mosalagið 8.6 % og gróðurvana land er 72.8 % að meðaltali.

Festutegundir gróðursveitarinnar eru lambagras V, mýsareyra (*Cerastium alpinum*) V, fjallasveifgras (*Poa alpina*) V, vetrarblóm IV, jöklasóley IV, boghéra IV og kornsúra (*Polygonum viviparum*) IV.

Jarðvegur er líparítskriður. Jöklasóleyjar-vetrarblóms sveitina er að finna hátt í bröttum hliðum Súlna ofan við 700 m h.y.s.

#### 2.3.4 Graslendi.

Ein gróðursveit hefur verið skilgreind í graslendi hér. Það er snarrótpunts-hvítasmára sveitin. Hún skiftist í tvær undirsveitir:

Undirsveit með gulmöðru (*Galium verum*), sem er viða á skjólgóðum stöðum, þar sem jarðvegur er fremur frjör og rakur, og undirsveit með augnfró (*Euphrasia frigida*), sem er á sléttum árbökum. Snarrótarpunts-hvitsmára sveitinni hefur til bráðabirgða verið skipað í gróðurfylkið Equiseto-Galion borealis TÜxen 1969. Þetta gróðurfylki er í gróðurbálkinum Molinieta Koch 1926, sem er í gróðurflokknum Molinio-Arrhenatheretea TÜxen 1937.

Áður hefur íslenskri gróðursveit: Hálingresis-skógartildra sveit verið skipað til bráðabirgða í gróðurfylkið Equiseto-Galion borealis TÜxen 1969 (Elin Gunnlaugsdóttir 1985). Einnig hefur öðrum gróðursveitum og gróðurfélögum verið skipað í gróðurfylkið Equiseto-Galion borealis TÜxen 1969 sjá TÜxen & Böttcher (1969) og Hadač (1985).

#### (7) Snarrótarpunts-hvitsmára sveit.

Einkennistegundir gróðursveitarinnar eru snarrótarpuntur (*Deschampsia caespitosa*) V og hvitsmári (*Trifolium repens*) IV. (Tafla 1).

Í gróðursvipnum ríkja hálingresi (*Agrostis capillaris*), túnvingull (*Festuca rubra s. l.*) og snarrótarpuntur. Þekja graslagsins er 85.7 %, mosalagsins 9.3 % og sinu 11.1 % að meðaltali.

Festutegundir gróðursveitarinnar eru snarrótarpuntur V, túnvingull V, hvitsmári IV, túnfífill (*Taraxacum officinalis*) IV og hálingresi IV.

Snarrótarpunts-hvitsmára sveitin hefur tvær undirsveitir: (7a) undirsveit með gulmöðru (*Galium verum*) og (7b) undirsveit með augnfró (*Euphrasia frigida*).

---

Tafla B. Festuflokkar greinitegunda undirsveita snarrótarpunts-smára sveitarinnar. (7a) undirsveit með gulmöðru og (7b) undirsveit með augnfró. m = mosi.

---

Undirsveit:	7a	7b
Greinitegundir undirsveitar með gulmöðru:		
Hálingresi ( <i>Agrostis capillaris</i> )	V	I
Túnfífill ( <i>Taraxacum officinale</i> )	IV	.
m Engjaskrauti ( <i>Rhytidiodelphus squarrosus</i> )	III	I
Ilmreyr ( <i>Anthoxanthum odoratum</i> )	III	.
Gulmaðara ( <i>Galium verum</i> )	III	.
Mariustakkur ( <i>Alchemilla vulgaris</i> )	II	.
Hvitmaðra ( <i>Galium normanii</i> )	II	.
Laugamaðra ( <i>G. uliginosum</i> )	II	.
Fjalldalafífill ( <i>Geum rivale</i> )	II	.
Mýrfjóla ( <i>Viola palustris</i> )	II	.
m Skógatildri ( <i>Hylocomium splendens</i> )	II	.
Vallarsveifgras ( <i>Poa pratensis</i> )	II	.
Tungljurt ( <i>Botrychium lunaria</i> )	II	.
Ljónslappi ( <i>Alchemilla alpina</i> )	II	.
Greinitegundir undirsveitar með augnfró:		
Augnfró ( <i>Euphrasia frigida</i> )	+	V
Skriðlíngresi ( <i>Agrostis stolonifera</i> )	r	IV
Bjúgstör ( <i>Carex maritima</i> )	.	III
Engjavöndur ( <i>Gentiana detonsa</i> )	.	III

Blástjarna (*Lomatogonium rotatum*)  
Umfeðningsgras (*Vicia cracca*)

III  
II

(7a) Undirsveit með gulmörðru.

(Gróðurfélög, sem tilheyra þessari undirsveit eru:  
*Deschampsia caespitosa*-valllendi Table 12 A&B 3-6 Mølholm-Hansen 1930;  
Skógarsvarðargrður Tafla 1 A&B 1-5 Steindór Steindórsson 1943 og Niedermoer Tab. 5 Knauer 1966.)

Þær greinitegundir, sem aðgreina þessa undirsveit frá undirsveit með augnfró eru: Hálíngresi V, túnfifill IV, ilmreyr (*Anthoxanthum odoratum*) III, gulmaðra III, engjaskrauti (*Rhytidiodelphus squarrosus*) II, ljónslappi (*Alchemilla alpina*) II, mariustakkur (*A. vulgaris*) II, hvítmaðra (*Galium normanii*) II, fjalldalafífill (*Geum rivale*) II, mýrfjóla (*Viola palustris*) II, skógatildri (*Hylocomium splendens*) II, vallarsveifgras (*Poa pratensis*) II, tungljurt (*Botrychium lunaria*) II og laugamaðra (*Galium uliginosum*). (Tafla B).

Þekja graslagsins er 83.5 %, mosalagsins 10.5 % og sina þekur 12.5 % að meðaltali.

Jarðvegur er miðlungi frjór og rakkur móðajarðvegur. Undirsveit með gulmörðru er að finna á fremur skjólgóðum stöðum og stundum líka á mórum mólendis og mýrlendis í Kotárborgum, Krossanesborgum, Naustaborgum og í hliðinni sunnan við Breiðumýri. Undirsveitin með gulmörðru er viða í 5-100 m h.y.s., en er líka fundin á skjólgóðum stöðum í 400-550 m h.y.s.

Þau gróðurfélög, sem tilheyra þessari undirsveit, er að finna á Lyngdalsheiði (Mølholm-Hansen 1930); í Þjórsárdal (Steindór Steindórsson 1943) og við Laugaskóla (Knauer 1966).

(7b) Undirsveit með augnfró.

(Ekkert er vitað um útbreiðslu þessarar undirsveitar umfram það, sem kemur fram hér.)

Þær greinitegundir, sem aðgreina þessa undirsveit frá undirsveit með gulmörðru eru: Augnfró V, skriðlíngresi (*Agrostis stolonifera*) IV, engjavöndur (*Gentianella amarella*) III, bjúgstör (*Carex maritima*) III, blástjarna (*Lomatogonium rotatum*) III og umfeðningsgras (*Vicia cracca*) III. (Tafla B).

Graslagið þekur 93.5 %, mosalagið 4.7 % og sina 3.8 % að meðaltali.

Jarðvegur er fremur finkornóttur og þurr árframburður. Undirsveit með augnfró er að finna á bökkum Eyjafjarðarár og við Glerá í 3-55 m h.y.s.

2.3.5 Flög.

Ein gróðursveit hefur verið skilgreind í leirflögum mólendisins hér, þ. e. flagahnoðra-naflagras sveitin. Henni hefur til bráðabirgða verið skipað í gróðurbálkinn *Caricetalia nigrae* (W. Koch 1926) Tüxen 1955 og gróðurfloknum *Caricetea nigrae* (Nordh. 1931) Den Held & Westhoff 1969.

(8) Flagahnoðra-naflagras sveit.

(Gróðurfélög, sem tilheyra þessari gróðursveit eru:

Koenigia-flag Table 17 A&B 3-5 Mølholm-Hansen 1930,  
Flag mo Table 17 A&B 6-7 Mølholm-Hansen 1930;  
Flag-vegetation Table V A&B 5-7 Steindór Steindórsson 1936;  
Koenigia islandica-Sedum villosum-Agrostis stolonifera soc. Tabel  
XXXIV A&B 1-3 Steindór Steindórsson 1967;  
Koenigio-Agrostietum stoloniferae Table 3 1-5 Hadač 1971,  
Equiseto palustris-Sedetum villosi Table 4 1-5 Hadač 1971 og  
Equiseto palustris-Sedetum villosi Table 18 1-3 Hadač 1985.)

Einkennistegundir gróðursveitarinnar eru naflagras (*Koenigia islandica*) V, vegarfi (*Cerastium fontanum*) V, blómsef (*Juncus triglumis*) V, flagahnoðri (*Sedum villosum*) V, hnúskakrækill (*Sagina nodosa*) V, mýrasauðlaukur (*Triglochin palustris*) V, skeggsandi (*Arenaria norvegica*) IV og mýrasóley (*Parnassia palustris*) III. (Tafla 1).

Í gróðursvipnum ríkja skriðlingresi (*Agrostis stolonifera*), klóelftins (*Equisetum arvense*), og naflagras. Þekja græslagsins er 5.4 %, sina þekur 1.4 % og gróðurvana land er 93.8 % að meðaltali.

Festutegundir gróðursveitarinnar eru naflagras V, vegarfi V, blómsef V, flagahnoðri V, hnúskakrækill V, mýrasauðlaukur V, skriðlingresi V, klóelfting V, kornsúra (*Polygonum viviparum*) V, skeggsandi V, axhæra (*Luzula spicata*) IV og fjallasveifgras (*Poa alpina*) IV.

Jarðvegur er sírakur, leirkenndur móajarðvegur, þar sem holklaki er tíður að vetrarlagi. Flagahnoðra-naflagras sveitina er að finna viða í mólendi í lögsagnarumdæmi Akureyrar, oftast í 35-95 m h.y.s. en stöku sinnum herra, en hún hefur fundist í 310 m h.y.s.

Gróðurfélög, sem tilheyra þessari gróðursveit hafa fundist að Björk og við Lækjamót (Mølholm-Hansen 1930); á Melrakkasléttu (Steindór Steindórsson 1936); í Fitjaskógi og Hólaskógi á Gnúpverjafrétti og í Hvítárnesi á Kili (Steindór Steindórsson 1967); á Reykjanesi (Hadač 1971) og á Kaldadal (Hadač 1985).

### 2.3.6 Mýrar.

Í mýrum svæðisins hefur ein gróðursveit verið skilgreind: Kornsúru-mýrastalarar sveitin. Hún skiftist í tvær undirsveitir: Undirsveit með klófífu, sem er að finna þar sem myrarnar eru öraskaðar og undirsveit með hálíngresi, sem er að finna, þar sem mýrar hafa verið ræstar fram og hlutur grasa í gróðrinum er að aukast.

Kornsúru-mýrastalarar sveitinni er skipað til bráðabirgða í gróðurfylkið *Caricion fuscae* (Koch 1926) em Klika 1934, sem er skipað í gróðurbálkinn *Caricetalia nigrae* (W. Koch 1926) Tüxen 1955 og flokkinn *Caricetaea nigrae* (Nordh. 1936) Den Held et Westhoff 1969.

#### (9) Kornsúru-mýrastalarar sveit.

(Gróðurfélög, sem tilheyra þessari gróðursveit eru:  
*Carex nigra-Equisetum palustre* soc. Table X A&B 1-11 & Table Xx A&B 1-7 Steindór Steindórsson 1975,  
*Carex nigra-Equisetum palustre-C. lyngbyei* soc. Table X A&B 12-16 & Table Xx A&B 8-15 Steindór Steindórsson 1975,  
*Carex nigra-Menyanthes trifoliata-Comarum palustre* soc. Table XIX A&B 5-7 Steindór Steindórsson 1975,  
*Carex nigra-Eriophorum angustifolium-Vaccinium uliginosum* soc. Table VIII A&B 1-5 Steindór Steindórsson 1975 og  
*Stygio-Caricetum chordorrhizae* Table 29 1-5 Hadač 1985.)

Einkennistegundir gróðursveitarinnar eru mýrastör (*Carex nigra*) V og horblaðka (*Menyanthes trifoliata*) II. (Tafla 1).

Í gróðursvipnum rikja mýrelfting (*Equisetum palustre*), mýrastör og kornsúra (*Polygonum viviparum*). Þekja graslagsins er 57.9 %, mosalagsins 33.5 %, sина þekur 14.2 % og gróðurvana land er 2.3 % að meðaltali.

Festutegundir gróðursveitarinnar eru: Mýrastör V, mýrelfting IV og kornsúra IV.

Bau gróðurfélög, sem tilheyra þessari gróðursveit er að finna í Hróarsholti, Ásólfssstöðum, Sorta í Flóa, Breiðumýri og Hæringsstöðum, Árn., Kollabæ, Stóra-Hofi, Landeyjum, Nefsholti, Gíslholti, Holtsmúla og Kaldárholt, Rang., Torfaststöðum og Kolbeinstanga, Vopnaf., Skriðu, Gilsárstekk og Gilsá, Breiðdal, Berunesi, Breiðdal, Grófargerði, S-Múl., Laugarholti og Bæ, Borgarf., Hrafnkelsstöðum, Mýr., Hausthúsum, Staðastað og Höli, Snæf., Tungudal, Bolungarvik; Krýsuvík; Hvöli í Myrdal (Steindór Steindórsson 1975) og á Kaldadal (Hadað 1985).

Kornsúru-mýrastalar sveitin hefur tvær undirsveitir: (9a) undirsveit með klófifu (*Eriophorum angustifolium*) og (9b) undirsveit með hálíngresi (*Agrostis capillaris*).

Tafla C. Festuflokkar greinitegunda undirsveita kornsúru-mýrastalar sveitarinnar. (9a) undirsveit með klófifu og (9b) undirsveit með hálíngresi. m = mosi.

Undirsveit:	9a	9b
<b>Greinitegundir undirsveitar með klófifu:</b>		
Klófifa ( <i>Eriophorum angustifolium</i> )	IV	I
Vetrarkvíðastör ( <i>Carex chordorrhiza</i> )	III	.
Bláberjalyng ( <i>Vaccinium uliginosum</i> )	III	I
m Mýraklói ( <i>Drepanocladus revolvens</i> )	III	I
Lyfjagras ( <i>Pinguicula vulgaris</i> )	II	.
Horblaðka ( <i>Menyanthes trifoliata</i> )	II	.
Mýrafinnungur ( <i>Trichophorum caespitosum</i> )	II	.
Mýrasef ( <i>Juncus alpinus</i> )	II	.
Hengistör ( <i>Carex rariflora</i> )	II	.
Mýrastör ( <i>C. nigra</i> )	II	.
<b>Greinitegundir undirsveitar með hálíngresi:</b>		
Túnvingull ( <i>Festuca rubra</i> )	II	V
Vegarfi ( <i>Cerastium fontanum</i> )	.	IV
Hálíngresi ( <i>Agrostis capillaris</i> )	.	III
Skriðlíngresi ( <i>A. stolonifera</i> )	I	III
Hálmgresi ( <i>Calamagrostis stricta</i> )	I	III
Vallarsveifgras ( <i>Poa pratensis</i> )	I	III
Vallhæra ( <i>Luzula multiflora</i> )	r	III
Lokasjóður ( <i>Rhinanthus minor</i> )	+	III
m Engjaskrauti ( <i>Rhytidiodelphus squarrosus</i> )	I	III
m Móaklói ( <i>Drepanocladus uncinatus</i> )	I	III
Skarififill ( <i>Leontodon autumnalis</i> )	.	II

## (9a) Undirsveit með klófífu.

(Gróðurfélagið, sem tilheyra þessari undirsveit er: Mýri Vegetation Table 20 A&B 1-5 Mølholm-Hansen 1930).

Þær greinitegundir, sem aðgreina þessa undirsveit frá undirsveit með hálíngresi eru: Klófifa (*Eriophorum angustifolium*) IV, vetrarkvíðastör (*Carex chordorrhiza*) III, bláberjalyng III, mosinn mýraklói (*Drepanocladus revolutus*) III, lyfjagras (*Pinguicula vulgaris*) II, horblaðka (*Menyanthes trifoliata*) II, mýrafinnungrur (*Trichophorum caespitosum*) II, mýrastör II og hengistör (*Carex rariflora*) II. (Tafla C).

Jarðvegur er blautur og misþykkur mýrajarðvegur, þar sem vatn seytlar um. Yfirborðið er oftast þýft. Undirsveitina er að finna viða í lögsagnarumdæmi Akureyrar í 3-350 m h.y.s. og á stöku stað upp í 550-600 m.

Það gróðurfélög, sem tilheyrir þessari undirsveit, er að finna í Viðidalshjalli (Mølholm-Hansen 1930).

## (9b) Undirsveit með hálíngresi.

(Gróðurfélög, sem tilheyra þessari undirsveit eru: Die Vegetation auf den Streifen Tabelle III A&B 1-5 Steindör Steindórsson 1932; *Carex goodenoughii*-Chamaefyt-Ass. Tabel II A&B 4-6 Steindör Steindórsson 1936 og Empetrum-Caricetum fuscae Table 6 1-10 Hadač 1969.)

Þær greinitegundir, sem aðgreina þessa undirsveit frá undirsveit með klófífu eru: Túnvingull (*Festuca rubra*) V, vegarfí (*Cerastium fontanum*) IV, hálíngresi (*Agrostis capillaris*) III, skriðlíngresi (*A. stolonifera*) III, hálmgresi (*Calamagrostis stricta*) III, vallarsveifgras (*Poa pratensis*) III, vallhæra (*Luzula multiflora*) III, lokasjóður (*Rhinanthus minor*) III, skarifífill (*Leontodon autumnalis*) og mosarnir engjaskrauti (*Rhytidiodelphus squarrosus*) III og móaklói (*Drepanocladus uncinatus*) III. (Tafla C).

Jarðvegur er rakur mýrajarðvegur á mörkum mýra og móa eða (oftast) fremur þurr mýrajarðvegur í framræstum mýrum. Undirsveit með hálíngresi er að finna á láglendi í lögsagnarumdæmi Akureyrar í 7-95 m h.y.s.

Þau gróðurfélög, sem tilheyra þessari undirsveit er að finna í Safamýri (Steindör Steindórsson 1932), á Melrakkasléttu (Steindör Steindórsson 1936) og á Reykjanesi (Hadač 1969).

2.3.7 Flói.

Aðeins ein gróðursveit hefur verið skilgreind í flóum á svæðinu: Gulstarar-hálmgresis sveitin. Henni hefur verið skiptað til bráðabirgða í gróðurbálkinn *Caricetalia nigrae* (W. Koch 1926) TÜxen 1955, sem er í gróðurfloknum *Caricetea nigrae* (Nordh. 1936) Den Held et Westhoff 1969.

### (10) Gulstarar-hálmgresis sveit.

(Gróðurfélög, sem tilheyra þessari gróðursveit eru:  
 Die Vegetation des Fitmýri Tafel I A&B 1-9 & Tafel II A&B 1-6  
 Steindór Steindórsson 1932;  
*Eriophorum angustifolium-Carex lyngbyei* soc. Table IV A&B 6-7  
 Steindór Steindórsson 1975 og  
*Eriophorum angustifolium-Carex lyngbyei-Carex nigra* soc. Table IV  
 A&B 8 Steindór Steindórsson 1975.)

Einkennistegundir gróðursveitarinnar eru: gulstör (*Carex lyngbyei*) IV, hálmgresi (*Calamagrostis stricta*) III og vorbrúða (*Callitrichæ verna*) II. (Tafla 1).

Gulstörin er ríkjandi í gróðursvipnum. Þekja graslagsins er 71.3 %, mosalagsins 0.3 %, sinu 6.1 % og 24.8 % eru gróðurvana að meðaltali.

Festutegund sveitarinnar er gulstör IV.

Jarðvegur er mjög blautur mýrajarðvegur, þar sem grunnvatn stendur hátt. Gulstarar-hálmgresis sveitina er að finna við ósa Eyjafjarðarár og við Glerá í 3-7 m h.y.s.

Þau gróðurfélög, sem tilheyra gróðursveitinni er að finna í Safamýri (Steindór Steindórsson 1932); í Hvítárnesi á Kili, við Brunna á Kaldadal og að Hróarsholti í Flóá (Steindór Steindórsson 1975).

### 2.3.8 Dý.

Í dýjum, hvort sem þau eru á láglendi eða hátt til fjalla, hefur aðeins ein gróðursveit verið skilgreind: Fjallasveifgraslindasnotra sveitin. Þessari gróðursveit hefur verið skipað til bráðabirgða í gróðurfylkið Epilobion hornemannii Nordh. 1936. Áðurnefnt gróðurfylki er í gróðurbálknum Caricetalia nigrae (W. Koch 1926) TÜxen 1955 sem er í gróðurflokknum Caricetea nigrae (Nordh. 1936) Den Held et Westhoff 1969.

Áður hefur íslenskum gróðursveitum/gróðurfélögum verið skipað í þetta gróðurfylki, sjá Hadač (1985).

### (11) Fjallasveifgras-lindasnotra sveit.

(Gróðurfélög, sem tilheyra gróðursveitinni eru:  
*Poo alpinae-Mniobryetum albicans* Table 19 1-5 Hadač 1985 &  
*Philontido-Saxifragetum stellaris agrostietosum stoloniferae* Table  
 20 1-2 Hadač 1985.)

Einkennistegundir gróðursveitarinnar eru mosarnir dýjaprýðill (*Philonotis fontana*) V, lindasnotri (*Pohlia wahlenbergii*) IV og strágandur (*Calliergon stramineum*) II, ásamt mýradúnurt (*Epilobium palustre*) III og heiðadúnurt (*E. hornemannii*) II. (Tafla 1).

Ríkjandi í gróðursvipnum eru mosarnir dýjaprýðill og lindasnotri. Þekja graslagsins er 16.2 %, mosalagsins 83.0 %, sinu 2.2 % og 4.2 % eru gróðurvana að meðaltali.

Festutegundir sveitarinnar eru dýjaprýðill V og lindasnotri IV.

Fjallasveifgras-lindasnotra sveitina er að finna í hliðum og brekkum, þar sem vatn sprettur fram, oftast í 60-230 m h.y.s., en fyrirfinnst líka hærra yfir sjó eða í allt að 700 m.

Þau gróðurfélög sem tilheyra þessari gróðursveit er að finna á Kaldadal (Hadač 1985).

### 2.3.9 Tjarnir.

Aðeins eitt gróðurfélag er að finna í tjörnum á svæðinu: Vatnsnálar-fergins félagið. (Vegna þess hve gróðurgreiningarnar eru fáar úr þessum gróðri, er honum ekki lýst sem gróðursveit.) Vatnsnálar-fergins félagini hefur verið skipað til bráðabirgða í gróðurbálkinn Phragmitetalia W. Koch 1926, en þessum gróðurbálki er skipað í gróðurflokkinn Phragmitetea Tüxen et Prsg. 1942.

#### (12) Votasefs-fergins félag.

(Ekkert er vitað um útbreiðslu þessa gróðurfélags á Íslandi umfram það, sem hér kemur fram).

Bær tegundir, sem eru mest áberandi í gróðurfélagini eru vatnsnál (*Eleocharis palustris*) 2, og fergin (*Equisetum fluviatile*) 2. (Tafla 1).

Ofan nefndar tegundir ríkja í gróðursvipnum. Þekja graslagsins er 59.5 %, mosalagsins 11.5 %, sinu 6.5 % og 12.5 % eru gróðurvana að meðaltali.

Jarðvegur er mýrajarðvegur (tjarnarbotn). Votasefs-fergins félagið er að finna við ósa Eyjafjarðarár í 3-7 m h.y.s.

### 2.3.10 Strandengi.

Ein gróðursveit hefur verið skilgreind í graslendi við eða nálagt sjó: Skriðlíngresis-skeljamuru sveit. Þetta graslendi er burrara en hin eiginlega sjávarfít og er hér nefnt strandengi. Skriðlíngresis-skeljamuru sveitinni hefur verið skipað til bráðabirgða í gróðurbálkinn Glauco-Puccinelletalia Beeftink et Westhoff 1962, en þessi gróðurbálkur er í gróðurflokkinn Asteretea tripolii Westhoff et Beeftink 1962.

Áður hefur íslenskum gróðursveitum verið skipað í gróðurbálkinn Glauceto-Puccinetalia Beeftink er Westhoff 1962, sjá Hadac (1970).

#### (13) Skriðlíngresis-skeljamuru sveit.

(Gróðurfélög, sem tilheyra þessari gróðursveit eru: Plantedække paa sandbund bls. 122 Ostenfeld 1905; Strandeng-Vegatationen Tabel XIV A,B 1-4 Steindór Steindórsson 1936. )

Einkennistegundir gróðursveitarinnar eru skeljamura (*Potentilla egedii*) V, lágarfi (*Stellaria humifusa*) IV, heigulstör (*Carex glareaosa*) IV, strandsauðlaukur (*Triglochin maritima*) III og bjartmosi (*Anomobryum julaceum*) III. (Tafla 1).

Skriðlíngresi (*Agrostis stolonifera*) og túnvingull (*Festuca rubra*) eru ríkjandi í gróðursvipnum. Þekja graslagsins er 50.3 %, mosalagsins 29.0 %, sinu 7.3 % og gróðurvana land er 16.5 % að meðaltali.

Festutegundir gróðursveitarinnar eru skriðlíngresi V, túnvingull V, skeljamura V og lágarfi IV.

Jarðvegur er sambjappaður og fínkornóttur, stundum árframburður, þar sem sjór yrist yfir eða hálfsalt vatn gengur yfir. Skriðlíngresis-skeljamuru sveitina er að finna við ósa Eyjafjarðarár og við Krossanes upp í ca. 6 m h.y.s.

Þau gróðurfélög, sem tilheyra þessari gróðursveit, er að finna á Melrakkasléttu (Ostenfeld 1905, Steindór Steindórsson 1936).

### 2.3.11 Fjara.

Ein gróðursveit hefur verið skilgreind (með 4 gróðurgreiningum Úr fjörum við Akureyri og 9 gróðurgreiningum úr fjöru við Dalvík): Melgras-fjöruuarfa sveit. Henni hefur verið skipað til bráðabirgða í gróðurfylkið Atriplicion litoralis Nordh. 1940, sem er í gróðurbálknum Cakiletalia maritima TÜxen apud Oberd. 1949. Þessi gróðurbálkur heyrir undir gróðurflokkinn Chenopodietae Oberd. en Lohm., J. et R. TÜxen 1961.

Eftirtaldar tegundir koma aðeins fyrir í Dalvíkurþjörunni: Fjörukál (*Cakile edentula*), vallarsveifgras (*Poa pratensis*), haugarfi (*Stellaria media*), hlaðarfi (*Polygonum aciculare*), húsapuntur (*Elytrigia repens*), háliðagras (*Phleum pratense*), skarifífill (*Leontodon autumnalis*), njóli (*Rumex longifolius*), hjartarfi (*Capsella bursa-pastoris*), gulbrá (*Chamomilla suaveolens*) og varpasveifgras (*Poa annua*).

### (14) Melgrass-fjöruuarfa sveit.

(Gróðurfélög, sem tilheyra þessari gróðursveit eru:  
*Elymus arenarius* vegetation bls. 14-15 og bls. 18 Helgi Jónsson 1907;  
*Honkenya peploides*-*Elymetum arenarii* Table 4 1-5 Hadač 1970;  
*Honkenya peploides* soc. Table IX A,B 4-5 Steindór Steindórsson 1976.)

Einkennistegundir sveitarinnar eru fjöruarfí (*Honkenya peploides*) V, melgras (*Leymus arenarius*) IV, fjörukál IV og baldursbrá (*Tripleurospermum maritimum*) II. (Tafla 1).

Melgras, fjöruarfí og (á Dalvík) fjörukál eru ríkjandi í gróðursvipnum. Þekja gralslagsins er 38.1 %, sínar þekur 6.4 % og gróðurvana land er 55.5 % að meðaltali.

Festutegundir sveitarinnar eru fjöruarfí V, melgras IV og fjörukál IV.

Jarðvegur er fjörusandur eða möl. Í lögsagnarum dæmi Akureyrar er melgrass-fjöruuarfa sveitina að finna hér og hvar með ströndum fram.

Þau gróðurfélög, sem tilheyra þessari gróðursveit, er að finna á Suðurlandi (Helgi Jónsson 1907); á Reykjanesi (Hadač 1970) og við Steingrímsfjörð, Strand. (Steindór Steindórsson 1976).

### 2.4 Niðurstöður.

Í þessari gróðurkönnum kom fram eitt gróðurfélag og þrettán gróðursveitir. Þrjár gróðursveitanna hafa tvær undirsveitir hver. Á gróðurkortunum eru 17 einingar, allt gróðureiningar, sem eru auðþekktar úti í náttúrunni.

Vallefltingar-holtasóleyjar sveitin er langútbreiddasta gróðursveitin. Næst að útbreiðslu er kornsúru-mýrastalar sveitin, en snarrótarpunts-hvítismaðra sveitin sú þriðja útbreiðdasta, þó hefur undirsveitin með augnfró fremur litla útbreiðslu.

Aðrar gróðursveitir hafa mun minni útbreiðslu. Helluhnoðra-grávorblóms sveitin er sjaldséð og hið sama er að segja um fjalldrapa-bláberjalyngs sveitina og gulstarar-hálmgresis sveitina. Flagahnoðra-naflagras sveitina er að finna víða í flögum mólendisins.

Af gróðursveitum á snjóþungum svæðum er hálingresis-finnungs sveitina oftast að finna upp í snjódældum hér og hvar upp í rúmlega 300 m h. y. s. og fjallasmára-grasvíðisveitina í snjódældum þar fyrir ofan. Jöklasóleyjar-vetrarblóms sveitin hefur fundist í líparítskriðum ofan við 700 m h.y.s.

Fjallasveifgras-lindasnotra sveitin er þar sem vatn sprettur fram í brekkum og hliðum, þ. e. í dýjum og er sjaldséð.

Votasefs-fergins félagið er líka mjög sjaldséð. Það er aðeins að finna í grunnum tjörnum.

Skriðlíngresis-skeljamuru sveitin er mjög sjaldséð og sérkennileg. Hana er aðeins að finna, þar sem áhrifa frá sjó gætir.

Melgras-fjöruarfá sveitin kemur fyrir í fjörum á svæðinu, þar sem skilyrði leyfa og er hefur að vonum mjög takmarkaða útbreiðslu.

Í eldri gróðurfarslysingum hef ég ekki fundið gróðurfélög, sem ótvírátt tilheyra helluhnoðrgrávorblóms sveitinni, jöklasóleyjar-vetrarblóms sveitinni eða votasefs-fergins félagini. Sama er að segja um aðra undirsveit snarrótarpunts-hvítasmárasveitarinnar, þ. e. undirsveit með augnfró.

Gróðurfélög, sem tilheyra skriðlíngresis-skeljamuru sveitinni hefur aðeins verið lýst á Melrakkasléttu.

### 3. Umræða.

#### 3.1 Almennt um gróðurinn.

Hæðamörk samfellds gróðurs eru breytileg, en samfelldan gróður er að finna upp í 550 m h.y.s. og slitróttar gróðurtorfur upp í allt að 750 m h.y.s. Mela- og skriðugróður teygir sig enn herra, alla leið upp á fjallatoppa.

Norðurhluti Glerárdals (Ytridalur), þ. e. vestan Glerár er miklum mun gróskulegri neðantil en Suðurdalurinn, enda veit hann móti sól og er ekki eins áveðurs og Suðurdalurinn. (Sjá Magnús Kristinsson (1978) hvað varðar örnefni á Glerárdal). Vafalitið hefur meginhluti þess svæðis, sem kannaður var, verið skógi eða viði vaxinn við landnám, þó ekki sjáist þess merki nú. Skógur og kjarr hefur orðið að víkja fyrir skógarhöggi og beit. Beitin hefur líka séð fyrir ungviðinu og aftrað því að skögurinn endurnýjaði sig. Melar a. m. k. á láglendi eru orðnir til vegna jarðvegseyðingar, það er að segja að efstu lög jarðvegsins hefur einhvern tíman í fyrndinni blásið burt. Melarnir eru fyrir löngu farnir að gróa upp aftur, þrátt fyrir beitina. Frumorsök jarðvegseyðingarinnar er skógarhögg og beit.

Uppblástursflög og børð eru hér og hvar í fjallahliðunum. Á Suðurdalnum er flög að finna niður undir Glerá á móts við Torfnahvamm og allhátt í hliðinni þar austan og ofan við eru flög líka allútbreidd. Auk þess eru blásin børð og flög norðaustan í Súlum suður og upp af Syðrimýrum (Súlumýrum).

Á Ytridal eru blásin flög og børð á jöðrum gróðurtorfa viða hátt yfir sjó (ca. 550 m) t. d. neðan við Háurinda; og sunnan við Heimari-Lambá. Einnig er mólendið meira og minna flögótt. Þar að auki eru gróðurtorfurnar orðnar mjög slitróttar, þegar kemur inn fyrir Fremri-Lambá. Þar haldast þær helst, þar sem skýlt er og rakt.

Þar sem þessi flög eru má gera ráð fyrir að gróður og jarðvegur séu að eyðast, en ógerningur er að vita, hve hratt þessar breytingar eiga sér stað, þar sem allan samanburð vantart.

### 3.2 Gróðurskemmdir.

Stór sár eru í gróðurbækjuna beggja vegna Glerárr. Á Suðurdal eru það bæði sorphaugar Akureyrar, sem eru í ofanverðu Sigurðargili og malarnám neðan þess. Á Ytridal er malarnám á svæði Glerárhóla, Torfdalshóla og viðar. Úr þessum svæðum fýkur a.m.k. í þurri sunnanátt.

Nýleg hjólför (frá 1986 og/eða 1987) eftir fjórhjól og mótorhjól eru á Súlumýrum (syðri) og ef til vill viðar. Slóð eftir mótorhjól mátti greina (1986) hér og hvar, þar sem jarðvegur er rakur, alla leið inn í Lamba.

Alls staðar þar sem hrross eru í hólfum eru hófaför í jarðveginn, ekki síst þar sem raklent er og þyft. Í stöku hestahólf t. d. sunnan við hesthúsahverfið í Breiðholti; sunnan við golfvöllinn að Jaðri; utan, neðan við Naustaborgir og við Hundatjörn í Krossanesborgum hefur gróður traðkast niður í svað. Á öllum þessum svæðum er jarðvegur rakur eða blautur.

### 3.3 Mat á mælikvörðum gróðurkortanna.

Eins og áður er getið eru gróðurkortin í þremur mælikvörðum, þ. e. ca. 1/5 þús., ca. 1/10 þús. og 1/20 þús. Þær gróðureiningar, sem hér hafa verið skilgreindar og notaðar eru á gróðurkortin, henta best þegar mælikvarðinn er ca. 1/5 þús. en eru líka nothæfar þegar mælikvarði kortanna er ca. 1/10 þús. Þegar mælikvarði gróðurkortanna er kominn niður í ca. 1/20 þús. verða gróðureiningar, sem eru litlar að flatarmáli, ekki lengur greindar á loftljósmyndunum. Á gróðurkortinu af Glerárdal, sem er í þessum skala, er ekki unnt að greina margar smáar snjódældir frá mólendinu og er þeim því sleppt. Í þessum snjódældum er hálingresis-finnungs sveit. Hlutdeild þessara snjódælda af mólendinu er í rauninni mjög lítil.

Ef borið er saman við reynslu frá öðrum þjóðum t. d. Skandinavíu, telur Sjörs (1973) að sjaldan sé hægt að nota minni mælikvarða en 1/2 þús., þegar gróðursveitir eru notaðar sem einingar á kortum. Aftur á móti hefur Norðmönnum tekist að gera gróðurkort, sem ná yfir tiltölulega stór svæði og í meðalstórum smælikvarða, þ. e. 1/2 þús.-1/20 þús., en þær hefur verið alhæft með því að slá saman nokkrum gróðursveitum (Sjörs 1973). Ellenberg & Mueller-Dombois (1974) fjalla um gróðurkortagerð í Evrópu og telja að gróðursveitir með undirsveitum og gróðurtilbrigðum (sensu Braun-Blanquet) séu nothæfar einingar á mælikvarða stærri en 1/10 þús.

### 3.4 Samanburður við einingar á eldri gróðurkortum.

Vert er að gera samanburð á þeim gróðureiningum, sem koma fram í þessari skýrslu og þeim einingum sem notaðar eru á útgefnum gróður- og jarðakortum.

Einingar gróðurkortanna (í mælikvarðanum 1/40 þús.) af hálandinu, sem gefin voru úr af Menningarsjóði á árunum 1966-1971 og af Rannsóknarstofnum landbúnaðarins (RALA) 1985, eru grundvallaðar á gróðurathugunum gerðum með aðferðum Raunkiærs, en þær hefur Steindór Steindórsson notað við gróðurrannsóknir sínar. Það kemur fram í lýsingum á gróðursveitunum hér að framan, hver af gróðurhverfum Steindórs Steindórrsonar tilheyra þessum gróðursveitum eða eru sama gróðurfélag og þær.

Ef gróðursveitirnar eru bornar saman við eða flokkaðar undir þær flokkunareiningar, sem notaðar eru á Gróður- og jarðakortunum (í mælikvarðanum 1/25 þús.) Útgefnum 1984, kemur eftirfarandi fram:

Gróðureiningar á gróðurkortum i lögsagnarumdæmi Akureyrar	Einingar í flokkunar- kerfi Gróður- og jarða- kortanna
Vallelftingar-holtasóleyjar sveit undirsveit með beitiski	Kvistlendi 2/3 eða >2/3 gróíð
Fjalldrapa-bláberjalyngs sveit	Kvistlendi 2/3 eða >2/3 gróíð
Vallelftingar-holtasóleyjar sveit undirsveit með tröllakræðu	Kvistlendi <2/3 gróíð
Fjallasmára-grasvíðis sveit	Kvistlendi <2/3 gróíð
Hálingresis-finnungs sveit	Jurtagróður 2/3 eða >2/3 gróíð
Snarrótarpunts-hvítsmára sveit undirsveit með gulmörðru	Jurtagróður 2/3 eða >2/3 gróíð
undirsveit með augnfró	Jurtagróður 2/3 eða >2/3 gróíð
Skriðlíngresis-skeljámuru sveit	Jurtagróður 2/3 eða >2/3 gróíð
Helluhnoðra-grávorblóms sveit	Jurtagróður <2/3 gróíð
Jöklaþóleyjar-vetrarblóms sveit	Jurtagróður <2/3 gróíð
Flagahnoðra-naflagras sveit	Jurtagróður <2/3 gróíð
Melgrass-fjöruarfa sveit	Jurtagróður <2/3 gróíð
Kornsúru-mýrastalar sveit undirsveit með klófífu	Votlendi 2/3 eða >2/3 gróíð
undirsveit með hálingresi	Votlendi 2/3 eða >2/3 gróíð
Fjallasveifgras-lindasnotra sveit	Votlendi 2/3 eða >2/3 gróíð
Gulstarar-hálmgresis sveit	Votlendi 2/3 eða >2/3 gróíð
Votasefs-fergins félag	Votlendi <2/3 gróíð

### 3.5 Friðunarsjónarmið.

Þrjár algengustu gróðursveitirnar eru líklega algengar á Íslandi og líklegt er að þær haldist nokkurn veginn óbreyttar að óbreyttum aðstæðum. Þær sjaldgæfari er vert að vernda og þá helst með því að halda ytri skilyrðum sem minnst breyttum.

Friðun fyrir beit hefur það í för með sér að upp vaxa víðirunnar í mýrum og viðar og birkiplöntur hér og hvar á melum og í móum, og að jurtagróður verður gróskulegri og blómjurtirnar bera fleiri blóm, berjasprettu eykst, þar sem lyng, er að minnsta kosti framan af og að öllum líkindum minnka flöggin. Á melhólum og klöppum vaxa fléttur smám saman, þegar traðkið mylur þær ekki lengur jafnharðan og þær vaxa. Þess má geta að í þurru veðri eru fléttur mjög viðkvæmar fyrir traðki.

#### 3.5.1 Krossanesborgir.

Hvað varðar hugsanlegt friðland í Krossanesborgum skal vísað í óprentaða greinagerð, sem Helgi Hallgrímsson skrifaði 1980, þar sem koma fram margvisleg rök fyrir friðlandi í Krossanesborgunum og nágrenni. Mörk friðlandsins mega vera hin sömu og þar er lýst. Sjá líka Náttúrumuinjaskrá, 4. Útg., 1984, lið 2.123.

Rök til viðbótar þeim sem koma fram í ofangreindum heimildum, eru helst þau að þarna er að finna gróðursveitir, sem hvergi er getið í eldri gróðurlýsingum annars staðar að á landinu. Það er helluhnoðra-grávorblóms sveitin (kortteining 1), sem er á klöppum og

mælhólum. Únnur gróðursveit, fjalldrapa-bláberjalyngs sveitin (korteingning 3), hefur líka litla útbreiðslu, þó hefur sams konar gróðurfélögum verið lýst áður. (Raunar er lítið hægt að segja með vissu um útbreiðslu hinna ýmsu gróðursveita, þar sem rannsóknir á íslensku gróðurfélögum eru skammt á veg komnar, ekki síst á láglendi.)

Fari svo að Krossanesborgir verði friðlystar á einhvern hátt, er æskilegt að gróður fái að þróast þar án ræktunaraðgerða svo sem skógræktar, svo sjá megi með tíð og tima, hvað í landinu býr. Ef Krossanesborgir verða gerðar að útivistarsvæði verður ekki hjá því komist að gera stíga um svæðið, svo mýrar troðist ekki niður í svæði. Með stígum er líka hægt að beina umferð fótgangandi manna fram hjá sumum borgunum og melnum, en við það skapast, vonandi, skilyrði fyrir fléttugróður að vaxa á þessum stöðum eins og þeim er eðlilegt.

### 3.5.2 Úshólmasvæðið við Eyjafjarðará.

Á svæðinu við ósa Eyjafjarðár er að finna sjaldséðar gróðureiningar, sem vert er að vernda, þó svo að svæðið sé þegar talsvert raskað af ýmsum framkvæmdum. Við nýframkvæmdir á svæðinu er sjálfsagt að taka tillit til þessa til að komast hjá frekari skemmdum á þeim. Þær gróðureiningar, sem um ræðir eru skriðlíngresis-skeljamuru sveitin (korteingning 13), votasefs-fergins félagið (korteingning 12) og undirsveit með augnfró (korteingning 7b).

- Heimildarit:**
- Bergbör Jóhannsson 1986. Íslenskar mosategundir. Óprentuð skrá.
- Birse, E.L. 1980. Plant communities of Scotland. A preliminary phytocoenonia. - Bull. Soil Surv. Scotl. 4: 1-235
- Daniëls, F.J.A. 1982. Vegetation of the Angmagsalik district, Southeast Greenland. 4. Shrub, dwarf shrub and terricolous lichens. - Meddr Grönland, Biosc. 10:1-78.
- Elín Gunnlaugsdóttir 1985. Composition and dynamical status of heathland communities in Iceland in relation to recovery measures. - Acta Phyt. Suec. 75:1-84.
- Gróðurkort 1/40 þús. (af hálendi Íslands). Útg. af Menningarsjóði 1966-1971 og RALA 1985.
- Gróður- og jarðakort (1/25 þús.) Útg. af RALA 1984
- Hadač, E. 1969. Mire communities of Reykjanes peninsula, SW. Iceland (Plant communities of Reykjanes peninsula, Part 1). - Folia geobot. phytotax. 4,1:1-22.
- Hadač, E. 1970. Sea-shore communities of Reykjanes Peninsula, SW. Iceland (Plant communities of Reykjanes peninsula, Part 2). - Folia geobot. phytotax. 5,2:133-144.
- Hadač, E. 1971. The vegetation of springs, lakes and "flags" of Reykjanes Peninsula, SW. Iceland. (Plant communities of Reykjanes Peninsula, Part 3). - Folia geobot. phytotax. 6,1:29-42.
- Hadač, E. 1985. Plant communities of the Kaldidalur Area, WSW. Iceland. Part 1. Syntaxonomy. - Folia geobot. phytotax. -20,1:1-112.
- Helgi Halgrímsson 1980. Krossanesfriðland (Lónsfriðland). Vélr. greinargerð.
- Helgi Jónsson 1907. Vegetationen i Syd-Island. - Bot. Tidskr. 1907:1-82.
- Knauer, N. 1966. Bericht Über einige Pflanzengesellschaften Islands und deren Bedeutung für die Landwirtschaft. - Vegetatio 13(3):148-171.
- Kristbjörn Egilsson 1983. Fæða og beitilönd íslensku hreindýranna. OS-83073/VOD07:1-235. Reykjavík.
- McVean, D.N. 1955. Notes on the Vegetation of Iceland. - Trans. bot. Soc. Edinb. 36:320-338.
- Magnús Kristinsson 1978. Glerárdalur. Lýsing og örnefnatal. - Ferðir (Blað Ferðafélags Akureyrar) 1978. 37 árg.:2-32.
- Molenaar, J.G.de 1976. Vegetation of the Angmagsalik district, South-east Greenland. 2. Herb and snow-bed vegetation. - Meddr Grönland 198(2):1-265.
- Müller-Dombois, D & H. Ellenberg 1974. Aims and Methods of Vegetation Ecology. - New York, 547 bls.
- Mølholm-Hansen, H. 1930. Studies on the Vegetation of Iceland. - The Botany of Iceland. 3(1):1-186.
- Náttúrumuinjaskrá 1984, 4. útg. - Reykjavík.
- Ohba, T. 1974. Vergleichende Studien Über die alpine Vegetation Japans. - I. Carici rupestris-Kobresietea bellardii. - Phytocoenologia 1:339-401.
- Sjörs, H. 1973. Om skalans betydelse vid vegetationskartläggning. - IBP i Norden No. 11.:43-51.
- Steindór Steindórsson 1932. Über die Vegetation des Safamýri (Safamoores) in Südisland. - Soc Scient. Icel. XIV:1-22.
- Steindór Steindórsson 1936. Om vegetationen paa Melrakkasljetta i det nordøstlige Island. - Bot. Tidskr. 43 Bd.:436-483.
- Steindór Steindórsson 1943. Gróðurrannsóknir í Þjórsárdal II. Ársrit Skógræktafél. Ísl. 1943:76-85.
- Steindór Steindórsson 1945. Studies on the Vegetation of the

- Central Highland of Iceland. - The Botany of Iceland.  
3(4):344-547.
- Steindór Steindórsson 1946. Contribution to the Plant-Geography  
and Flora of Iceland. IV. The Vegetation of Ísafjarðar-  
djúp, North-west Iceland. Acta Nat. Isl. 1,3:1-32.
- Steindór Steindórsson 1964. Gróður á Íslandi. Akureyri. 186 bls.
- Steindór Steindórsson 1965. Um hálendisgróður Íslands II. -  
Flóra 3. árg. 1965:75-120.
- Steindór Steindórsson 1967. Um hálendisgróður Íslands IV. -  
Flóra 5. árg. 1967:92.
- Steindór Steindórsson 1975. Studies on the Mire vegetation of  
Iceland. - Soc. Scient. Icel. XLI:1-226.
- Steindór Steindórsson 1976. Some notes on the shore vegetation of  
Iceland. - Acta Bot. Isl. 4:19-35.
- Tüxen R. und H. Böttcher 1969. Weide- und Wiesen-Gesellschaften  
(Molinio-Arrhenatheretea) in Südwest-Island.- Ber.  
Forschungsst. Neðri Ás 1:1-31.
- Westhoff, V & Maarel, E. van der Maarel 1978. The Braun-Blanquet  
approach. 2nd ed. - Classification of plant communities.  
The Hague. Bls.:287-399.